

um fólkvang á Álftanesi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Benedikt Gröndal, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Pétur Sigurðsson, Sverrir Júlíusson.

1. gr.

Haga skal skipulagningu byggðar í Bessastaðahreppi, svo og þeim hluta Garðahrepps, sem næst liggur Bessastaðahreppi, þannig, að þar verði svæði fyrir fólkvang til útivistar fyrir almenning, eins og um ræðir í 8. gr. laga um náttúruvernd, nr. 48 7. apríl 1956, er skal vera í umsjón náttúruverndarráðs. Þess skal gætt, að innan svæðanna verði, svo sem föng eru á, land eða landsspildur, sem vegna náttúrufegurðar og jurta- eða dýralífs eru vel til friðunar og verndar fallin, einkum með tilliti til framangreindra almenningsafnota.

Að lokinni skipulagningu samkvæmt 1. málsg. ákveður ráðherra, sem fer með náttúruverndarmál, nánari aðgerðir, að fengnum tillögum náttúruverndarráðs og eftir því sem fé verður veitt til á fjárlögum.

2. gr.

Óheimilt er að reisa eða gera í Bessastaðahreppi, svo og þeim hluta Garðahrepps, sem næst liggur Bessastaðahreppi, opinber mannvirki, sem truflað geti eða hindrað skipulagningu samkvæmt 1. gr. eða spillt á nokkurn hátt fyrir afnotum og tilgangi fólkvangs þess, sem þar er fyrirhugaður.

3. gr.

Beita má vegna framkvæmda samkvæmt 1. gr. eignar- og leigunámsheimild 8. gr. laga nr. 48 frá 1956. Kostnað, sem af því leiðir eða annarri framkvæmd samkvæmt lögum þessum, skal greiða úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi og fylgdi því svofelld greinargerð: „Nú á tímum þykir óhjákvæmilegt í sambandi við myndun bæja og borga eða annars þéttbýlis, að friðuð séu og skipulögð landssvæði, þar sem almenningur getur notið útiveru í frístundum sínum. Við val slíkra landssvæða er margs að gæta, meðal annars að þau liggja vel við samgöngum, svo að auðvelt sé og ódýrt fyrir íbúa þéttbýlisins að komast þangað. Í öðru lagi er það mikilsvert, að þau hafi til að bera kosti frá náttúrunnar hendi, sem geri mönnum dvöl þar ánægjulega, svo sem fagurt útsýni og umhverfi, fagrar og sérstæðar náttúrumyndanir og fjölbreytilegt jurta- og dýralíf. Um staðarval kemur einnig til greina, hvort fyrir hendi sé nægilega stórt óbyggt svæði, sem taka megi til framangreindra nota.

Það liggur í augum uppi, að í nágrenni hins mesta þéttbýliskjarna hér á landi, Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar og aðliggjandi sveitarfélaga, er enginn staður, sem sameinar alla framangreinda kosti í eins ríki mæli og Álftanesið. Sá möguleiki er nú fyrir hendi að gera þar fagran og friðsælan almenningsgarð, sem veitt geti þeim, er hann sækja, ótaldar ánægjustundir, ekki einungis íbúum þéttbýlisins, heldur einnig öðrum landsmönnum, sem hingað leggja leið sína. Vegna staðháttanna og annarra kosta mundi gildi hans fara sívaxandi, eftir því sem byggðin ykist. Það væri mikil skammsýni, sem aldrei yrði afsökuð, ef þetta tækifæri væri nú látið ónotað, en sökum sífelldrar útfærslu byggðarinnar fylgir hér allri bið mikil áhætta.

Ákvæði 2. gr. eru sett til að koma í veg fyrir, að framgangi málsins verði spillt með opinberri mannvirkjagerð í Bessastaðahreppi, svo og þeim hluta Garðahrepps, sem næst liggur Bessastaðahreppi, sem þannig væri háttáð, að hún gæti ekki samrýmt þeim fyrirætlunum og aðgerðum, sem stefnt er að með frv.

Í 8. gr. náttúruverndarlaganna er heimild til að friða landssvæði og gera þau að fólkvöngum, er gegni sams konar hlutverki og um er fjallað í frv. þessu. Ákvæði 8. gr. eiga þó ekki að öllu leyti við hér, því að þar er gert ráð fyrir, að náttúruverndarnefndir og sveitarstjórnir eða sýslunefndir taki ákvarðanir, sem hér að lúta, og skal sýslusjóður bera fjórða hluta kostnaðar, sbr. 28. gr. laganna. Fólkvangi þeim, sem fyrirhugaður er í frv., er hins vegar ætlað svo viðtækt hlutverk, að rétt þykir að víkja frá ákvæðum 8. gr. og láta hann falla beint undir umsjón náttúruverndarráðs, enda beri ríkissjóður allan kostnað af honum, sbr. 3. gr. og 2. málsg. 1. gr. frv.“